

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 10. apríl 2014 í máli nr. S-1270/2013:

Ákærvaldið

(Sigríður J. Friðjónsdóttir ríkissaksóknari)

gegn

Scott James Carcary

(Víðir Smári Petersen hdl.)

I

Mál þetta, sem dómtekið var 14. mars síðastliðinn, var höfðað með ákæru ríkissaksóknara, útgefinni 3. desember 2013, á hendur Scott James Carcary, kt. 000000-0000, [...],[...], „fyrir stórfellda líkamsárás með því að hafa að kvöldi sunnudagsins 17. mars 2013, á heimili sínu að [...],[...], hrist dóttur sína, A, sem þá var 5 mánaða gömul, svo harkalega að stúlkan hlaut mikla innanbastblæðingu í hægra heilahveli, mikinn heilabjúg með útfloftum heilafellingum, bráða taugasímaáverka í heila, innanbastblæðingu í kringum sjóntaug í hægra auga, miklar blæðingar í sjónhimnu hægra auga og að nokkru leyti í vinstra auga, blæðingu inn á hjartahimnu við hjartaoddinn, mar í handarkrikum, á upphandleggjum, baki, vinstri vanga, vinstra eyra, hnakka, vinstra læri og hægri kálfa, en stúlkan lést nokkrum klukkustundum síðar af völdum áverkanna.

Telst þetta varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa:

B, kennitala 000000-0000, krefst miskabóta úr hendi ákærða að fjárhæð kr. 10.000.000 auk vaxta skv. 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá 18. mars 2013 þar til mánuður er liðinn frá því ákærða var kynnt bótakrafa þessi, en dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags, sbr. 9. gr. sömu laga. Þá er krafist greiðslu þóknunar réttargæslumanns auk virðisaukaskatts á þá þóknun.“

Ákærði neitar sök og krefst sýknu. Þess er krafist að bótakröfunni verði vísað frá dómi. Þá er þess krafist að sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun verjanda.

II

Málavextir eru þeir að aðfaranótt mánudagsins 18. mars 2013 var lögreglan kvödd að gjörgæsludeild Landspítalans í Fossvogi. Kvöldið áður hafði verið komið þangað með framangreint barn sem hafi verið meðvitundarlaust. Það hafði síðar verið úrskurðað látið. Á vettvangi voru foreldrar barnsins, ákærði og framangreindur bótakrefjandi. Í skýrslu lögreglu kemur fram að um klukkan 19 að kvöldi sunnudagsins 17. mars hafi verið óskað eftir sjúkrabíl að framangreindu heimilisfangi. Nágrannar ákærða hefðu hringt eftir bílnum að beiðni hans. Þá kemur fram í skýrslunni að barnið hafi verið meðvitundarlaust en andað. Í sjúkrabílnum hefði það farið í krampa og púlsinn lækkað og barnið hefði fengið súrefni. Engir áverkar hafi verið sjáanlegir utan á höfðinu en þegar höfuðkúpan var opnuð hefði komið í ljós blóðpollur í heila, sprungnar æðar og rifnar bláæðar. Blóðþrýstingur barnsins hafi fallið og það dáði.

Í skýrslunni er haft eftir móðurinni að hún hafi haldið til vinnu klukkan 17.40 og hafi barnið þá verið sofandi. Hún kvað barnið hafa verið mjög háð sér og hafi bara viljað vera hjá sér en ekki ákærða. Það hafi grátið ef hann hefði reynt að vera með það og hefði hann því lítið getað sinnt því. Móðirin kvaðst því hafa verið áhyggjufull og hringt heim er hún var komin til vinnu. Þá kvaðst hún hafa heyrt öskur og grát í barninu. Hún hefði síðan frétt að barnið hefði veikst og væri á leið á sjúkrahús. Eftir ákærða er haft að barnið hafi vaknað skömmu eftir að móðirin hefði farið til vinnu. „Barnið grét og var óvært, hann reyndi að ganga um með það í íbúðinni en barnið grét áfram. Hann reyndi að gefa barninu banana en barnið grét samt. Hann bjó því um barnið í barnavagni og fór með það út í vagninum og gekk um hverfið. Barnið hélt áfram að gráta og því fór hann aftur inn með barnið. Þegar hann tók barnið úr vagninum byrjaði að korra í því og það varð máttlaust. Hann fór því upp til nágranna sinna og bað þá um að hringja á sjúkrabíl.“

Ákærði var handtekinn að morgni mánudagsins 18. mars og úrskurðaður í gæsluvarðhald sama dag. Hann sat í varðhaldinu til 26. mars er hann var úrskurðaður í farsbann sem hann hefur verið í síðan.

Í skýrslu sjúkraflutningamanna kemur fram að barnið hafi verið í barnabílstól í aftursæti bíls fyrir utan heimili sitt er þeir komu á vettvang. Ákærði hafi verið að stumra yfir því. Í skýrslunni kemur og fram að barnið hafi ekki svarað sársaukaáreiti, það hafi verið fölt og virtist anda grunnt og hægt. Barninu var strax veitt öndunaraðstoð. Í ljós hafi komið að það var í miklum krampa, hendur og fætur stífir og sveigðir inn á við. Barnið var flutt með sjúkrabílnum á bráðamóttöku og fylgdi ákærði með. Eftir honum er haft í skýrslunni að hann hafi neitað því að

barnið hefði verið veikt og þetta hefði komið skyndilega upp á eins og þar segir. Ákærði hafi enn fremur neitað því að barnið hefði orðið fyrir áverkum eða fallið. Þá segir að hann hafi verið áhyggjufullur og spurt í sífellu um gang mála og hvort barnið myndi ná sér.

Í vottorði sérfræðings í heila- og taugaskurðlækningum á Landspítalanum segir að komið hafi verið með barnið á bráðamóttöku barna á Barnaspítalanum við Hringbraut að kvöldi 17. mars. Erfitt hafi verið að fá fram hver aðdragandinn að veikindum barnsins hafi verið, en eftir ákærða er haft að um morguninn hafi barnið verið eðlilegt, hitalaust og það hafi drukkið og borðað. Um daginn hafi barnið verið órólegt og grátið mikið. Síðan hefði það orðið óvenju slappt og lítið samband náðst við það. Þá er greint frá því að komið hafi verið með barnið á bráðamóttöku 28. desember 2012 vegna óútskýrðra marbletta á læri. Teknar hafi verið blæðingarblóðprufur sem hafi verið eðlilegar. Málið hafi verið tilkynnt til Barnaverndar.

Við komu á bráðamóttökuna hafi lífsmörk verið sem hér segir: hiti 36,5°C, öndunartíðni 40-56/mín, súrefnismettun 100% með 10 L af súrefni í öndunargrímu, blóðþrýstingur 113/52mmHg. Fljótlega eftir komu var tekið eftir því að annað sjáaldrið var víðara en hitt og þá var farið með barnið í tölvusneiðmyndatöku. Þá var klukkan 20.00. Síðan segir í vottorðinu: „Tölvusneiðmyndin sýndi útbreidda blæðingu hægra megin undir höfuðkúpubeini sem kallast innanbastsblæðing, sem liggur yfir nær öllu hægra heilahvelinu og inn á milli heilahvelanna einnig. Allt er þetta hægra megin. Þetta veldur talsverðum þrýstingi á heila og miðlínutilfærslu á heila yfir til vinstri hliðarinnar upp á 8 mm. Einnig sjást lágbétt nibreytingar með óskörpum skilum á milli hvíta og gráa heilavefs á gagnaugasvæði heilans hæ. megin og neðan til á hnakkasvæði heilans sömu megin. Einnig eru vökvasvæði við efsta hluta heilastofns minnkuð. Þetta getur samrýmst bjúg. Útlit blæðinganna á tölvusneiðmyndinni geta samrýmst, annað hvort mjög ferskri blæðingu þar sem blæðing er enn þá í gangi og einnig að um hafi verið að ræða bæði ferska blæðingu á eldri blæðingu af sama toga. Engin höfuðkúpabrot sáust á tölvusneiðmyndinni.“

Barnið var flutt á gjörgæsludeild, það svæft og sett í öndunarvél. Það var síðan flutt á heila- og taugaskurðeild. „Fyrir þann flutning hefur hún víkkað bæði sjáöldur augnanna, þá merki um verulega aukinn þrýsting í heila og verulega hækkaðan blóðþrýsting sem bendir til þess sama.“ Þá segir að við líkamsskoðun hafi engin ytri áverkamerki sést, hvorki á höfði, bol né fótum, en ofarlega á báðum upphandleggjum, sérstaklega hægra megin hafi sést litlir marblettir, alveg upp við holhönd. Enn fremur segir að barnið hafi ekki verið beitt hjartahnoði eða þrýstingi á brjóstakassann eftir að það kom á Landspítalann.

Nú var farið með barnið á skurðstofu og það skorið í því skyni að fjarlægja blóð yfir hægra heilahveli og léttu þrýstingi á heila. „Sú aðgerð gengur upphaflega eins og til var ætlast, komist að blóðinu og var gríðarlega hár þrýstingur. Sá hluti blóðsins sem var vökvakenndur sprautaðist út með háum þrýstingi í gegnum það op sem var gert á heilahimnu. Þegar inn var komið var nokkuð þykkt, storknað blóðlag yfir heilanum hægra megin ofan til sem var fjarlægt. Þegar þrýstingnum innan höfuðkúpunnar var létt, féll hún (barnið) mjög hastarlega í blóðþrýstingi og hófst þá meðferð til þess að hækka blóðþrýstinginn. Á þeim tíma bólgnadi heilinn verulega og blæðingar á við og dreif hófust innan höfuðkúpunnar, þá sérstaklega upp við miðlínuna, þar sem tengiblaæðar tengjast frá heila og upp í bláæðastokka.

Var ekki annað að sjá en að þær hefðu verið í sundur, þ.e.a.s. bláæðatengingarnar á milli heilans og bláæðastokksins sem flytur blóð frá heilanum. Ástandið versnaði verulega á næstu mínútum, með miklum heilabjúg, miklum vandamálum með blæðingar frá bláæðum og blóðþrýstingsfalli og var ekki við neitt ráðið. Það var ljóst að stúlkan myndi ekki lifa þetta af og var því aðgerð lokið og húð saumuð yfir.“

Barnið var flutt á gjörgæsludeild með lágan blóðþrýsting og þar lést það klukkan 02:23 aðfaranótt mánudagsins 18. mars. Í lok vottorðsins segir: „Útlit blæðingarinnar er nokkuð dæmigert fyrir blæðingu af völdum áverka, höggs eða heili kastast til innan höfuðkúpu. Þeir marblettir sem sáust á upphandleggjum benda einnig sterklega til kynna að áverkni hafi átt sér stað. Ekki er ólíklegt að blæðingin sé af misjöfnum aldri miðað við útlit tölvusneiðmyndar en þó getur hér verið einvörðungu um ferska blæðingu að ræða.“

Lík barnsins var krufið og leiddi krufningin í ljós veruleg áverkæinkenni: „Þannig fundust í andliti, vinstra eyra, báðum handarkrikum, hægri handlegg, vinstra læri, hægri kálfa, baki og við neðri brún hnakka blæðingar sem af litnum að dæma ber að flokka sem mar og var nýlegt og nokkurn veginn frá sama tíma. Við krufningu á lögum húðarinnar, undirliggjandi fituvef og vöðvum greindust við fellingar handarkrika báðum megin blæðingar í fituvef undir húðinni, sem svara til blæðinganna sem lýst hefur verið frá ytra sjónarhorni. Á baki greindust, auk blæðinganna sem voru sýnilegar utanfrá, frekari blæðingar í dýpri vöðvalögum vinstra og hægra megin, og í vinstri og hægri handlegg greindust blæðingar í húð og undirliggjandi fituvef sem svara til blæðinganna sem lýst hefur verið frá ytra sjónarhorni. Í neðri útlimum fundust engar blæðingar undir húð, fyrir utan staðina þar sem voru nálagöt. Enn fremur greindist blæðing í ytri hjartahimnu við hjartaoddinn. Fyrir liggur ástand þar sem hluti höfuðkúpunnar hefur verið numinn brott og hluti innanbastsblæðingarinnar fjarlægður. Mar á handleggjum og baki var álíka stórt og eftir litnum að dæma varð marið til á sama tíma. Marið ber að meta sem för eftir grip og er það á þeim hlutum líkamans sem eru dæmigerðir þegar einstaklingi er haldið föstum. Ekki er nóg að snerta/lyfta upp barni með venjulegu afli til að framkalla slíkt mar. Til þess þurfa miklir kraftar að vera að verki. Blæðingarnar sem greindust á samsvarandi stöðum í húð, undirliggjandi fituvef, vöðvum og bandvefsreifum undirstrika þá ályktun að beitt hafi verið miklu afli við að halda barninu föstu. Blæðingarnar við hjartaoddinn má einnig rekja til áhrifa mikilla krafta (þrýstings).“ Síðar í krufningarskýrslunni segir: „Aldursgreining áverka skilaði aðeins takmörkuðum niðurstöðum þar sem örugg vitneskja um að barnið hafi lifað í nokkrar klukkustundir gerir aðeins kleift að afmarka tímamark atburðarins við að hann hafi átt sér stað fáeinum klukkustundum fyrir andlátið. Afgerandi fyrir þessa niðurstöðu var vöntun á átfrumum í hinum ólíku blæðingarstöðum, sem koma fram nokkrum klukkustundum (þó innan við 24 klst.) eftir að áverkinn á sér stað. Áverkarnir gáfu allir sömu vefjafræðilegu niðurstöðuna. Því ber að ganga út frá að þeir hafi allir orðið til fáeinum klukkustundum fyrir andlátið. Á grundvelli rannsóknarinnar er ekki hægt að dæma um það hvort um fleiri en eitt áverkatilvik hafi verið að ræða innan þessara tímamarka. Röntgenrannsóknin sýndi gamalt brot 6. rifbeins vinstra megin sem og gamalt beinbrot í vinstri kálfa. Þessar niðurstöður, hvort heldur báðar til samans eða hvor um sig, eru vísbendingar um fyrri áverkatilvik. Ekki er unnt að segja til um það hvort þessi beinbrot hafi orðið til á sama tíma. Alltént urðu þau til á öðrum tíma en þau tilvik sem hér hefur verið lýst og sannar það að um er að ræða áverkatilvik frá

ólíkum tímum sem jafnframt er eitt helsta auðkenni líkamlegs ofbeldis gegn börnum. Beinbrot með vægum eða engum einkennum eru ekki óalgeng, sérstaklega þegar ungbörn eiga í hlut. Varðandi staðsetninguna greindust beinbrotin á stöðum sem eru dæmigerðir fyrir ofbeldisáverka. Þar sem bein barna eru mjög sveigjanleg þarf verulega harkalegur áverki að eiga sér stað til að valda beinbroti.

Í tölvusneiðmyndaskoðun greindist bæði gamalt og nýtt mar sem einnig bendir til þess að áverkar hafi átt sér stað á mismunandi tímum. Innanbastsblæðingar verða til annaðhvort þegar höfuð og harður flötur skella saman (vanalega með sjáanlegum ytri áverkum) eða við snúningsáverka (Rotationstraumata) (án sjáanlegra ytri áverka).

Augnskoðun eftir andlát sýndi innanbastsblæðingu umhverfis sjóntaug (nervus opticus) hægra auga og mjög greinilegar blæðingar í sjónhimnu í hægra auga, en ekki eins greinilegar í vinstra auga. Blæðingarnar greindust bæði í miðju og á jaðrinum. Þessar greiningar benda til ungbarnahristings. Ekki er ástæða til að gera ráð fyrir að þessir áverkar hafi orðið til við endurlífgunartilraunir eða hækkaðan þrýsting undir höfuðkúpunni.

Taugasjúkdómafræðileg rannsókn leiddi í ljós bráða taugasímaáverka (axonal) í hvelatengslum á milli heilahvelanna tveggja (corpus callosum), í caudal miðheila, í brúnni á framanverðu (vorderseitiger Brückenabschnitt) sem og einkenni bráðs súrefnisskorts í heila (anoxic encephalopathy). Þessar niðurstöður, líkt og aðrar rannsóknaniðurstöður, og ef unnt er útiloka slysaatvik á borð við fall úr mikilli hæð eða bílslys, benda til mikils hristings. Þá er ekki til neinn náttúrulegur sjúkdómur sem gæti útskýrt þessar niðurstöður í samhengi sínu. Einnig frá sjónarhóli taugasjúkdómafræðinnar lést stúlkan af völdum áverka.“

Um dánarorsök segir í skýrslunni að á grundvelli niðurstöðu allra rannsókna megi gera ráð fyrir að dánarorsökin hafi verið miðlæg bilun (failure of regulatory functions) í kjölfar svonefnds ungbarnahristings.

Ákærði gekkst undir geðrannsókn. Í niðurstöðum hennar segir að hann sé örugglega sakhæfur, verði hann fundinn sekur. Ákærði hafi engin merki sýnt um geðrof eða sturlun á skoðunartíma. Grunnpersónuleiki hans sé kvíðinn, fælinn og einrænn. Þá virðist hann vera háður öðrum. Hann virðist, að öllu jöfnu, ekki sýna skap og gæti bælt tilfinningar sínar of mikið. Þá segir að ekki hafi komið fram merki um svo alvarlega persónuleikaröskun, heilaskaða eða greindarskort að það firri hann ábyrgð gerða sinna. Loks segir að framangreind geðræn einkenni ákærða leiði ekki til ósakhæfis samkvæmt 15. gr. almennra hegningarlaga og þau útiloki ekki að refsing komi að gagni.

Ákærði, barnið og móðir þess, bjuggu í íbúð í húsi því sem í ákæru getur. Ekki voru fleiri á heimilinu. Samkvæmt gögnum málsins var móðirin nýlega farin að vinna aftur eftir fæðingu barnsins, en ákærði hafði misst vinnu sína nokkru áður og var atvinnulaus. Umræddan dag fór móðirin til vinnu klukkan 17.40 og var barnið þá sofandi. Ákærði skýrði svo frá hjá lögreglu að skömmu eftir að móðirin var farin hefði barnið vaknað og farið að gráta. Það kemur fram í gögnunum að barnið var mjög hænt að móður sinni og vildi helst bara vera hjá henni. Ákærði kvaðst hafa reynt að hugga barnið, látið það hafa leikföng og eins gefið því að borða, en allt kom fyrir ekki og það hélt áfram að gráta. Móðirin hringdi rétt rúmlega klukkan

18.00 og var barnið þá grátandi. Varð að ráði með henni og ákærða að hann færi út að ganga með barnið í vagni. Hann kvaðst hafa gengið með barnið í vagninum í um 10 til 15 mínútur og hafi það grátið allan tímann. Þegar heim var komið hélt barnið áfram að gráta og kvaðst ákærði þá hafa tekið það í fangið til að róa það. Það tókst ekki og skyndilega kvað hann hljóðin í barninu hafa farið að breytast og það hafi virkað eins og máttlaust. Í framhaldinu hefði það misst meðvitund og hefði hann þá leitað til nágretta sinna eins og rakið var. Ákærði hefur staðfastlega neitað að hafa hrist dóttur sína eða á annan hátt veitt henni áverka.

III

Við aðalmeðferð bar ákærði að þáverandi sambýliskona sín og móðir barnsins hefði farið til vinnu um klukkan 17.45 þennan dag. Hann kvaðst hafa verið eftir heima, á neðri hæðinni, og litið eftir barninu. Um fimm til tíu mínútum eftir að móðirin var farin hefði barnið vaknað svona hægt og rólega eins og hann orðaði það. Hann kvaðst ekki hafa farið strax að rúminu heldur beðið til að sjá hvort það myndi ekki sofna aftur. Skömmu síðar hefði barnið farið að gráta og hefði hann þá farið til þess og reynt að hugga það. Hann kvaðst hafa tekið barnið í fangið og um það leyti hefði móðirin hringt og hefði hún heyrt grátinn í barninu. Ákærði kvaðst hafa sagt henni að hann myndi fara út með barnið í gönguferð. Hann kvaðst þó fyrst hafa reynt að róa barnið með plastflösku og eins hefði hann gefið því banana. Á þessum tíma hefði barnið verið enn á brjósti og hvorki tekið pela né snuð. Barnið hefði ekki haft áhuga á þessu og ekki hætt að gráta. Hann kvaðst því hafa klætt barnið og sig í útiföt og farið út í tíu til fimmtán mínútna göngu. Barnið hefði grátið allan tímann sem þau voru í gönguferðinni og hefði hann því haldið aftur heim. Í gönguferðinni kvaðst hann hafa rekist á nágretta sinn en þeir hefðu ekki ræðst við, enda verið hvor sínum megin á götunni. Er heim var komið hefði hann haldið áfram að reyna að hugga barnið og róa. Síðan kvaðst hann hafa tekið eftir því að gráturinn var ekki eins hávær og áður og barnið hefði orðið hreyfingarlítið. Þegar þetta var hefði barnið legið á öxl hans. Einnig kvaðst hann hafa tekið eftir því að hljóðin sem barnið hefði gefið frá sér hefðu verið óvenjuleg. Þessi hljóð hefðu verið á milli þess að vera korr og kjökur. Hann kvaðst hafa reynt að ná sambandi við barnið en það hefði ekki gengið og kvaðst ákærði því hafa farið til nágretta sinna og beðið þá að hringja eftir aðstoð. Þá hefðu verið liðnar fimm til tíu mínútur, kannski meira, frá því hann hefði komið úr gönguferðinni með barnið.

Nánar spurður um samskipti móðurinnar við barnið áður en hún fór til vinnu kvaðst hann hafa verið á efri hæð íbúðarinnar en hún með barninu á þeirri neðri. Hann kvaðst hafa vitað til þess að hún hafi sinnt barninu og svæft það. Það hefði getað tekið um hálf tíma til klukkutíma. Áður en hún hefði farið með barnið niður hafi það grátið en hann kvaðst ekki átta sig á hvort það hafi haldið áfram að gráta eftir að niður var komið. Þegar móðir barnsins fór til vinnu hefði barnið verið sofandi. Ákærði kvaðst þá hafa tekið við að líta eftir því en áður hefði hann verið í tölvunni og meðal annars spjallað við móður sína. Það hafi verið um klukkan þrjú sem hann hefði spjallað við móður sína og hann hefði svo verið í tölvunni þar til móðirin fór til vinnu. Hann hefði bæði verið í tölvuleik og á fésbók, auk þess að vera í sambandi við móður sína. Hann kvaðst hafa tekið tölvuna með sér niður þegar móðirin fór til vinnu og verið á fésbók þegar barnið hafi vaknað. Þá kvað ákærði barnið yfirleitt hafa grátið hjá öllum öðrum en móðurinni. Það hefði þó

verið rólegra ef það gat séð móðurina.

Ákærði kvað barnið hafa hegðað sér eðlilega sólarhringinn áður en það lést en hann kvaðst ekki geta borið um hvort eða hvernig það hafi nærst. Hann kannaðist við að sama dag og barnið lést hefðu verið teknar af því myndir sem eru meðal gagna málsins. Þá kannaðist hann ekki við að hafa séð marbletti á því þennan dag, enda myndi hann ekki til þess að hafa skipt á henni þennan dag. Fyrir þennan dag kvaðst hann hafa nokkrum sinnum verið einn með barnið. Þá hefði móðirin ýmist verið í vinnu eða farið á kaffihús. Þegar svo stóð á hefði barnið yfirleitt verið sofandi. Ef það vaknaði hefði hann farið með það í gönguferð. Ákærði kannaðist við að hafa séð marblett á barninu um jólaleytið en ekki kvaðst hann vita hvernig það hefði fengið hann. Borið var undir ákærða það sem segir um áverka á barninu, það er brot á sköflungi og rifbeini, og kvaðst hann engar skýringar hafa á þeim. Ákærði kvaðst ekki hafa séð móður barnsins hrista eða meiða barnið. Hann kvað þau hafa rætt hvaða afleiðingar það gæti haft ef ungabarn væri hrist. Ákærði var spurður að því hvað hann héldi að komið hefði fyrir barnið umræddan dag. Hann kvað greinilegt að barnið hefði fengið áverka en gat ekki sagt til um af hverju þeir hefðu stafað. Ákærði neitaði að hafa hrist barnið. Hann kvaðst ekki geta sagt hver hefði getað hrist barnið þennan dag. Þá kom fram hjá ákærða að móðir barnsins hefði átt það til að fá skapofsaköst sem hefðu beinst að sér.

Móðir barnsins bar að umræddan dag hefði hún verið með barninu eins og oftast. Upp úr hádeginu hefði hún farið að baka og haft barnið hjá sér í burðarstól. Eins kvaðst hún hafa rætt við móður ákærða á Skype um eftirmiðdaginn. Um klukkan fjögur hefði móðir hennar, bróðir og stjúpi komið með páskaskraut. Þau hefðu stoppað mjög stutt í dyragættinni eins og hún orðaði það. Þá kvað hún myndir hafa verið teknar þennan dag enda sólskin og dagurinn bæði fallegur og skemmtilegur. Hún kvaðst hafa átt að byrja vinnu klukkan sex síðdegis og því farið með barnið niður á neðri hæð íbúðarinnar um tuttugu mínútur yfir fimm til að gefa því. Síðan hefði hún lagst með barnið upp í rúm og svæft það. Klukkan á að giska fimmtán mínútum fyrir sex hefði hún tekið strætisvagn. Klukkan rétt rúmlega sex kvaðst hún hafa hringt í ákærða en hann hefði verið í tölvunni á efri hæð íbúðarinnar þegar hún hefði farið til vinnu. Áður en hún fór hefði hún beðið hann um að færa sig niður og vera í tölvunni þar til að geta fylgst með barninu. Þegar hún hringdi hafi barnið verið grátandi og hefði hún boðist til að koma heim, en ákærði kvaðst ætla að fara með barnið út í gönguferð í vagni til að athuga hvort það myndi ekki sofna. Hún kvaðst þá ætla að hringja til baka eftir hálf tíma en þegar klukkuna hafi vantað fimmtán eða tuttugu mínútur í sjö hefði nágranni þeirra hringt í sig til að segja sér að verið væri að fara með barnið á spítala. Hún kvaðst einnig hafa rætt við ákærða og síðan tekið leigubíl á sjúkrahúsið.

Móðirin kvaðst hafa ætlað að vinna í þrjá tíma þennan dag. Hún kvaðst hafa hringt heim svona fljótt til að vita hvort ekki væri allt í lagi en hún kvaðst hafa getað farið úr vinnunni með litlum fyrirvara. Þá tók hún fram að barnið hefði alltaf grátið hjá ákærða og eins þegar hún sá hann. Þegar aðrir héldu á barninu hefði það einnig byrjað að gráta eftir smástund nema hún hefði verið í augsyn. Móðirin kvaðst ekki hafa viljað að barnið gréti lengi og þess vegna viljað frekar koma heim og hugga það. Almennt hefði barnið sofið um þrjá tíma og stundum lengur eftir að það hafði sofnað. Móðirin kvað grátinn, sem hún hefði heyrt í símanum, hafa verið mjög sáran eins og barnið hefði grátið í nokkurn tíma og væri farið að öskra. Þá kvaðst hún hafa heyrt svona grát áður þegar barnið var hjá ákærða og eins þegar

Það hafi verið með kveisu. Þennan dag hefði barnið ekki grátið, enda hefði það ekki gert það væri það sátt. Móðirin staðfesti að teknar hefðu verið myndir af barninu og heimilinu þennan dag og að þær væru meðal gagna málsins. Hún kvað ekkert óvenjulegt hafa gerst hjá barninu síðasta sólarhringinn sem það lifði og hún kvaðst ekki hafa tekið eftir marblettum á því þá. Hún kvaðst hafa tekið eftir stórum marbletti í nára barnsins um jólin og spurt ákærða um hann. Hann hefði engar skýringar haft á honum og hefði hún þá leitað til læknis, en ekkert hafi komið út úr því. Barnavernd hefði verið tilkynnt um óútskýrðan áverka á barninu. Síðan kvaðst hún ekki hafa séð marbletti á því. Ákærði hefði neitað að hafa verið valdur að þessum marbletti.

Móðirin kvað ákærða hafa eytt miklum tíma í tölvunni og hann hefði ekki haft mikinn áhuga á fjölskyldulífinu. Þá hefði hann ekki reynt að tengjast barninu. Væri ákærði í tölvunni þá væri eins og hann yrði pirraður ef hún reyndi að ræða við hann. Eins varð ákærði pirraður ef hún bað hann um að aðstoða sig við barnið eða heimilisstörf. Hann hefði hins vegar ekki orðið reiður og ekki skipt skapi. Hins vegar hefði það vakið athygli hennar að ákærði talaði aldrei við barnið, talaði til dæmis ekki við það þegar hann gekk með það um gólf. Það kom fram hjá móðurinni að eingöngu hún og ákærði hefðu umgengist barnið á þessum tíma, enginn annar hefði gætt þess. Þá hefði barnið verið mjög hraust, aðeins einu sinni fengið kveisu. Móðirin kvaðst hafa rætt við ákærða um að ekki mætti hrista ungabörn og hefði hún gert það oftár en einu sinni. Tilefnið hafi verið að hún hefði verið að undirbúa hann undir hlutverkið þar eð hann hefði aldrei umgengist ungabörn. Þá kvaðst hún hafa vitað að hún væri í hættu á að fá fæðingarþunglyndi og hafa heyrt sögur um það. Móðirin kvaðst aldrei hafa séð ákærða hrista eða meiða barnið. Hún kvaðst fyrst hafa heyrt af því að barnið hefði verið beinbrotið eftir andlát þess.

Nágranni ákærða bar að hringt hefði verið dyrabjöllu á heimili sín um sjöleytið að kvöldi 17. mars og hefði það verið ákærði sem hafi verið með barnið í fanginu. Ákærði hefði verið áhyggjufullur, beðið um hjálp og spurt nokkrum sinnum „what’s wrong with her?“. Hann kvað sér hafa vírst barnið meðvitundarlaust. Ákærði hefði síðan komið með barnið upp í íbúðina en svo hefði verið ákveðið að fara með það út í bíl nágrannans og flytja það á sjúkrahús. Ákærði hefði svo farið með barnið aftur inn í sína íbúð til að klæða það í kuldagalla. Þar hefði ákærði rétt sér barnið og kvaðst hann þá hafa fundið hvað það var máttlaust. Nágranninn kvaðst þá hafa gert sér grein fyrir að eitthvað mikið hafi verið að. Nú hafi verið ákveðið að færa barnið út í bíl en jafnframt að hringja í 112 og hefði sér verið sagt að sendur yrði sjúkrabíll. Hann kvaðst ekkert hafa rætt við ákærða um hvað hefði gerst. Þá kvaðst hann ekki hafa heyrt barnsgrát úr íbúð ákærða þennan dag en hann hefði áður heyrt grát og ekki fundist það óeðlilegt að lítið barn væri að gráta.

Nágrannakona ákærða bar að hann hefði komið til þeirra um kvöldið með barnið. Hún kvað mann sinn hafa farið til dyra og kallað á sig fram í dyr og þar hefði ákærði verið með barnið í fanginu. Hann hafi verið í uppnámi og spurt sig framangreindrar spurningar. Hún kvaðst hafa lagt hönd á enni barnsins og spurt hvort það væri veikt. Ennið hafi ekki verið heitt heldur frekar þvalt. Þau hjónin hefðu ákveðið að barnið þyrfti strax að fara á barnspítala og einnig að maðurinn myndi fara með ákærða og barninu inn í íbúð þeirra. Barnið hafi verið í innifötum og ákærði hafi verið berfættur. Hún kvaðst ekki hafa tekið barnið í fangið en áttað

sig á því að það hafi verið mjög veikt. Ákærði hefði kallað nafn barnsins og hefði það eins og umlað eins og það væri að kveinka sér. Barnið hefði ekki opnað augun. Hún kvaðst ekki hafa haft frekari afskipti af ákærða eða barninu. Þá kvaðst hún ekki hafa heyrt barnið gráta þennan dag, en oft heyrt það gráta á nóttunni áður. Hún kvaðst hafa rætt við móðurina eins og nágrannar gera og hefði hún sagt að ákærði hjálpaði sér ekki mikið á heimilinu.

Nágranni, sem hitti ákærða er hann var í gönguferðinni með barnið, bar að hafa verið úti að ganga með hundinn sinn þetta kvöld. Hann kvaðst hafa mætt ákærða, er hafi verið með barnavagn. Hann kvaðst hafa gengið á gangstéttinni en ákærði á götunni. Á milli þeirra hafi verið átta til tíu metrar. Þeir hafi ekkert ræðst við. Nágranninn kvaðst ekki hafa heyrt barnsgrát, en hann kvaðst myndu hafa heyrt grát ef um hann hefði verið ræða. Veðrið hafi verið frekar stillt og hann hefði ekki verið með heyrnartól en kvaðst reikna með að hann hafi verið með húfu. Hann kvaðst hafa hitt ákærða klukkan um tíu til tuttugu mínútur yfir sex.

Móðuramma barnsins bar að hafa komið á heimili dóttur sinnar og ákærða klukkan rúmlega fjögur þennan dag ásamt manni sínum og syni. Ákærði hefði komið til dyra en hann hefði ekki heilsað heldur gengið í burtu. Þetta hafi ekki verið óvenjuleg hegðun ákærða sem hafi yfirleitt ekki rætt við sig eða fjölskyldu sína. Móðirin hafi legið á gólfinu ásamt barninu og hafi hún verið að skipta á því. Hún kvað barnið hafa verið að hjala og sprikla. Amman kvað þau hafa stansað í um fimm mínútur og rætt lítillga við móðurina sem hafi sagst vera að fara til vinnu um klukkan sex. Ákærði hafi gengið um, „tiplaði á tánum“, eins og hún orðaði það. Hún kvað hann hafa virst spennur og taugaveiklaður og hafi hann ekki sagt orð við gestina. Þau hafi svo kvatt og farið og hafi hún ekki heyrt meira fyrr en um kvöldið er dóttir hennar hefði hringt af spítalanum og sagt að trúlegast hefði barnið fengið heilablæðingu. Hún kvaðst síðan hafa farið á Landspítalann í Fossvogi og hitt þar dóttur sína sem hafi verið í miklu áfalli og óhuggandi. Ákærði hafi hins vegar setið og haldið utan um hana en engin merki sýnt, hann hafi verið gjörsamlega flatur eins og hún orðaði það.

Amman bar að barnið hafi verið mjög hænt að móður sinni en farið að gráta þegar ákærði hafi verið með það. Þá kvað hún samband barnsins og ákærða ekki hafa verið í lagi eins og hún orðaði það. Samband dóttur sinnar og ákærða hafi virst gott í upphafi, en hún kvað hana hafa sagt sér skömmu fyrir fæðingu barnsins að hún vildi að ákærði færi af heimilinu en hann hefði neitað. Þá kom fram að dóttir hennar hefði sagt sér að ákærði gerði ekkert á heimilinu, ansaði henni jafnvel ekki heldur væri bara í tölvuleikjum.

Móðir ákærða bar að hafa rætt við hann í gegnum tölvu þennan dag og hefði samtalinu lokið klukkan 14:54. Þau hafi rætt fjölskyldumál og kvaðst hún einnig hafa rætt við móður barnsins. Móðir ákærða kvaðst hafa séð barnið í tölvunni og hefði það verið eðlilegt í alla staði. Meðal annars hefði hún séð móður barnsins skipta á því. Þá hefðu foreldrarnir einnig verið eðlilegir. Barnið hefði farið að gráta og þá hefði samtalinu við móður þess lokið. Móðirin kvað ákærða ekki hafa átt við andlega erfiðleika að stríða um ævina. Hann væri ekki skapmikill og hún hefði aldrei séð hann reiðan. Yrði hann reiður færi hann í burtu. Hún kvaðst einu sinni hafa komið til Íslands og hitt barnið tvisvar til þrisvar sinnum í þeirri heimsókn. Hún kvaðst ekki hafa séð annað en að samskipti barnsins við foreldrana hefðu verið góð. Þá hefði barnið verið heilsuhraust. Í febrúar hefði móðir barnsins sagt sér að

henni liði ekki vel með ákærða og væri að hugsa um að slíta sambandinu við hann. Þá kvað móðirin móður barnsins stundum hafa verið pirraða en hún hefði ekki séð hana beita ofbeldi. Móðirin kvaðst hafa spurt ákærða, eftir að hann hafði verið látinn laus úr gæsluvarðhaldinu, hvort hann hefði gert barninu þetta og hefði hann neitað því.

Tvíburasystir ákærða bar að hann væri rólegur og skapgóður að eðlisfari. Hann væri ekki ofbeldishneigður og forðaðist ágreining. Þá kvað hún þetta mál hafa haft mikil áhrif á hann enda hafi hann í raun misst fjölskyldu sína. Systirin kvaðst einu sinni hafa hitt barnið og þá hafi sér virst barnið mest vera með móður sinni en ákærði hafi þó einnig verið með það. Hún kvaðst aldrei hafa orðið vör við að ákærði væri pirraður vegna barnsins. Systirin kvað móður barnsins hins vegar hafa stundum verið öra en ekki pirraða. Þá kvað hún ákærða hafa mikla ánægju af tölvuleikjum en hún vildi ekki segja að hann væri tölvufikill. Hún kvað samband þeirra ákærða og móðurinnar hafa verið gott og virst hamingjusamt en móðirin hefði þó sagt sér í tölvusambandi eftir að barnið var fætt að hún vildi slíta sambandinu við ákærða. Hún kvaðst hafa spurt ákærða um dánarorsök barnsins en hann hefði svarað að hann vissi ekki hver hún hefði verið.

Vinkona móður barnsins bar að hún hefði hringt í sig þetta kvöld og sagt að barnið væri með blæðingu inn á heila og hefði hún beðið sig að aka ákærða á Landspítalann í Fossvogi frá Landspítalanum við Hringbraut. Vinkonan kvaðst hafa verið um stund á sjúkrahúsinu með ákærða og móðurinni meðan barnið var í aðgerð. Ekkert hafi verið rætt hvað hefði komið fyrir barnið. Hún kvaðst hafa reynt að ræða við ákærða en hann hafi ekki svarað.

Vinkonan kvað ákærða og móðurina hafa búið hjá sér um tíma. Kvað hún móðurina oft hafa verið reiða út í ákærða vegna þess að hann gerði aldrei neitt eins og vinkonan orðaði það. Eins hefði verið erfitt að tala við ákærða og væri eins og hann hefði ekki tilfinningar. Þá kvað hún ákærða alltaf hafa verið í tölvuleikjum og það litla sem hann hefði unnið af heimilisstörfum hefði verið illa unnið. Móðirin ætti það til að taka skapofsaköst og léti hún fólk þá heyra það en hún hefði aldrei beitt ofbeldi. Þá kvað hún barnið hafa farið að gráta ef það sá ákærða og kvaðst vinkonan hafa séð þetta einu sinni er barnið hafi verið þriggja eða fjögurra mánaða. Hún kvaðst einu sinni hafa fengið að halda á barninu og þá hafi móðirin þurft að vera í sjónmáli.

Svæfingalæknir, sem tók á móti barninu á Landspítalanum í Fossvogi, bar að það hafi verið meðvitundarlaust og með víð ljósop sem hafi ekki svarað ljósareiti. Engar hreyfingar hafi verið í útlimum og engin hljóð hafi heyrst frá því. Barnið hafi því verið djúpt meðvitundarlaust. Blóðþrýstingur hafi verið hár sem og púls og eins hafi það verið með góða súrefnismettun. Barnið hafi verið flutt á skurðstofu þar sem því hafi verið gefin svæfingar- og deyfilyf og gerð aðgerð á höfði þess. Það hafi hins vegar komið í ljós að lífi barnsins yrði ekki bjargað og hafi því aðgerðinni lokið og barnið verið flutt á gjörgæsludeild þar sem það hafi verið í öndunarvél. Smám saman hafi verið dregið úr stuðningi öndunarvélarinnar. Allan tímann hafi blóðþrýstingur verið mjög lágur. Að lokum hefði barnið verið tekið úr öndunarvélinni og hefði það andast í framhaldinu. Læknirinn kvaðst hafa sagt foreldrunum að þegar svona nokkuð kæmi fyrir svona ungt barn yrði að rannsaka það enda hefði barnið ekki getað fært sig sjálft úr stað og því ekki sjálft getað farið sér að voða. Læknirinn kvað ákærða hafa verið mjög þöglan og ekki spurt um neitt.

Þegar barnið hafði verið fært úr fötunum kvaðst læknirinn hafa séð marbletti í holhöndum og á hægri upphandlegg. Síðar hafi einnig sést marblettir framan á bringu. Læknirinn kvaðst ekki muna eftir áverkum á höfði. Læknirinn kvað barnið hafa fengið diazepam í sjúkrabílnum enda hefði verið grunur um að það væri með krampa. Í upphafi aðgerðar hafi barninu verið gefið verkjastillandi og svæfandi lyf.

Heila- og taugaskurðlæknir, sem gerði aðgerð á barninu, staðfesti framangreint vottorð sitt. Hann kvað tölvusneiðmynd af höfði barnsins hafa sýnt blæðingu utanvert á heilanum hægra megin, milli heilans og höfuðkúpunnar. Þetta sé nefnt innanbastsblæðing sem hafi dreift sér yfir megnið af heilahvelinu og aftur á milli heilahvelanna. Þá hafi verið merki um verulegan þrýsting frá hægri hlið yfir til þeirrar vinstri sem hafi þýtt verulega innanbastsblæðingu hægra megin. Læknirinn kvað litla marbletti hafa sést innanvert á öðrum handlegg barnsins en engin áverkamerki hafi sést á höfði þess. Við skurðaðgerð á höfði barnsins hafi þurft að gera stórt op til að komast að blóði, sem sést hafði á sneiðmyndinni. Hvirfilplötu höfuðkúpunnar hafi verið lyft og þar undir hafi heilahimnan verið mjög spennt og blárauðleit. Þegar hún hafði verið opnuð létti þrýstingnum og þunnfljótandi blóðvökvi hafi sprautast út. Þar undir hafi verið storknuð blóðkaka yfir heilanum. Þetta hefði ekki verið gamalt blóð, nokkurra klukkustunda gamalt. Læknirinn kvaðst hafa hreinsað blóðið, sem hefði legið ofan á heilanum. Við þetta hefði blóðþrýstingur barnsins fallið mikið og hafi verið reynt að hækka hann til að tryggja nægilegt blóðflæði til heilans. Er blóðþrýstingurinn hækkaði hafi heilinn byrjað að bólgnu. Við þetta hafi ferskar blæðingar byrjað frá bláæðastokknum og þá hafi heilinn bólгнаð mjög mikið. Læknirinn kvaðst nú hafa leitað eftir blæðingarstað til að átta sig á hvað hafi verið að gerast og er hann hafi skoðað tengiæðarnar við heilann, svonefndar brúæðar, hafi hann ekki séð samtengingu þar á milli. Það hafi blætt úr brúæðunum og eins til baka úr bláæðastokknum. Þegar hér var komið sögu kvaðst hann hafa séð að ekki yrði við neitt ráðið, um væri að ræða lífshættulega blæðingu og var aðgerðinni þar með lokið. Læknirinn kvað mikinn utanaðkomandi áverka hafa þurft til að valda þessum meiðslum, mikið högg og hristing. Hann kvað þetta einnig geta gerst við alvarlegan áverka, alvarlegt högg, fall úr mikilli hæð, umferðarslys eða önnur samgönguslys. Læknirinn kvað líðan barnsins hafa versnað nokkrum mínútum eftir að það varð fyrir áverkunum og þá hefði hverjum sem er átt að vera ljóst að ástand þess væri ekki eðlilegt. Hann kvaðst enga aðra orsök hafa fundið fyrir áverkunum á barninu en að það hafi verið hrist. Það hefði orðið mjög illa haldið stuttum tíma eftir að það hlaut áverkann.

Réttarmeinafræðingur, sem krufði lík barnsins, bar að dánarorsök þess hafi verið miðlæg líffærabilun vegna alvarlegs höfuðáverka. Við krufninguna hafi komið í ljós að aðgerð hafði verið gerð á höfði barnsins og höfuðkúpubein og blóð verið fjarlæggt. Þar hafi verið að finna leifar af innanbastsblæðingu. Heilinn hafi verið bólgin og þyngri og heilafellingarnar hafi verið útflattar. Þar hafi verið greinileg ummerki um blæðingar. Blæðingarnar séu venjulega ekki hin eiginlega dánarorsök heldur fléttast saman nokkrir þættir. Miðlína heilans hafði færst til vinstri þar eð blæðingin var hægra megin og hún hafi þrýst heilamiðlínunni yfir til vinstri og jafnframt þrýst heilanum niður og hefur þá haft áhrif á öndunarstöðvar líkamans. Það sé fyrst og fremst heilabólgan sjálf og sá þrýstingur og útpensla, sem hún veldur, sem er dánarorsökin. Í krufningarskýrslunni kemur fram að um hafi verið að ræða eldri og yngri blæðingar og kvaðst réttarmeinafræðingurinn byggja það á því er aðrir læknar höfðu greint af myndum. Komið hafi fram hjá þeim að um

hefði getað verið að ræða blæðingar frá mismunandi tímum, eldri og yngri. Réttarmeinafræðingurinn gat þó staðfest að hluti blæðingarinnar hafi verið nýr. Áverkarnir, sem ollu dauða barnsins, hafi verið yngri en 24 tíma og líklega yngri en 12 tíma og væri sú ályktun byggð á frumurannsóknum. Aðrir áverkar væru eldri en þá ályktun byggði réttarmeinafræðingurinn á gögnum frá öðrum rannsakendum.

Þá hafi lík barnsins borið merki um áverka á andliti, upphandleggjum, brjóstkassa, baki og báðum fótleggjum. Þetta voru merki um blæðingar og var mismunandi hvort þær voru á yfirborðinu niður að fitulagi húðar eða hvort þær náðu niður í dýpri vefjalög. Þá hafi verið rispur á húð á fótleggjum. Þá hafi verið mar á eyrum sem gætu verið ummerki um að barnið hafi verið slegið. Allar þessar blæðingar hafi myndast meðan barnið var á lífi og þær hafi verið nýjar. Þá kvað réttarmeinafræðingurinn blæðingu á hjartahimnu við hjartaoddinn vera ummerki um fast grip og tengjast ummerkjum á brjóstkassa. Blæðingar í augum séu að öllum líkindum afleiðingar hristings þegar heili og höfuðkúpa hreyfist mishratt. Við það geta skaddast æðar sem valda þessum blæðingum. Á sama hátt eru áverkar á heila afleiðingar hristings. Þetta séu dæmigerð einkenni fyrir það sem kallað er „shaken baby syndrome“, allir áverkar barnsins koma heim og saman við að barnið hafi verið hrist. Það útiloki þó ekki að einstaka áverkar geti átt aðrar skýringar en áverkarnir í heild passi algerlega við dæmigerð einkenni ungbarnahrístings. Ef ekki eru fyrir hendi aðrar skýringar, svo sem umferðarslys, má rekja áverkana til þess að barnið hafi verið hrist. Þá hafi engin merki fundist um sjúkdóm í barninu. Auk þess hafi taugasérfræðingur greint áverka í framlengdri mænu og er það talið vera mjög skýrt auðkenni um höfuðáverka vegna hristings.

Réttarmeinafræðingurinn kvað útilokað að hægt væri að valda áverkum, eins og barnið var með, af gáleysi. Þetta hefðu verið svo miklir áverkar að útilokað væri að þeim hefði verið valdið af gáleysi eins og til dæmis í leik. Til að valda þessum áverkum þyrfti að beita miklu ákveðnari kröftum. Ekki væri hægt að fullyrða hversu langur tími líði frá því að áverkinn er veittur og þar til barn byrji að missa meðvitund. Þegar um sé að ræða hristingsáverka hjá ungum börnum þá sjáist það strax á háttalagi þeirra. Atferli þeirra breytist og það sé augljóst öllum. Barnið geti verið slappt eða máttleysislegt. Eins geti það grátið áberandi mikið. Þá geti verið um að ræða einkennalaust tímabil frá því áverka er valdið og þar til afleiðingar komi fram, en þetta eigi þó einkum við um eldri börn sem lendi í hefðbundnum slysum. Því yngri sem börn eru, það er eins árs og yngri, þeim mun ólíklegra er að um einkennalaust tímabil sé að ræða. Ekki væri ómögulegt að barnið, sem hér um ræðir, hefði haldið meðvitund í um klukkustund en örugglega hefði samt mátt greina á því breytingar. Spurt var hvort barnið, sem hér um ræðir, hefði getað sofnað eftir að hafa fengið áverkann og síðan vaknað og farið að gráta í um klukkustund án þess að sá, sem annaðist barnið, tæki eftir einhverju misjöfnu. Þetta taldi réttarmeinafræðingurinn mjög ólíklegt. Líklegra væri að barnið hefði fyrst grátið en síðan sofnað. Þá væri almennt ólíklegt að barn, sem hefði fengið þessa áverka, gæti grátið í þennan tíma. Þá leiddi svona áverki fyrir til meðvitundarleysis hjá ungu barni heldur en eldra barni.

Læknir, sem rannsakaði geðheilsu ákærða, staðfesti framangreinda rannsókn. Hann kvað vel hafa gengið að ræða við ákærða þótt hann væri einrænn og þögull. Í fyrstu hefði hann verið í áfalli en síðar hefðu komið fram sorgarviðbrögð. Niðurstaða læknisins var sú að um væri að ræða eðlilega gefinn mann sem væri hlédrægur, kvíðinn og bældur. Hann bæri engin merki um alvarlegan geðsjúkdóm

og hefði innsæi í gerðir sínar. Hann væri ekki ofbeldisfullur og vildi ekki lenda í deilum, en ekki væri ljóst við hverju væri að búast ef hann missti stjórn á sér. Ákærði væri frekar stefnulaus í lífinu og ætti það til að vera í sínum hugarheimi og þar með tölvuleikjum. Þetta hafi hann viðurkennt fyrir sér. Ákærði hafi aldrei viðurkennt fyrir sér að hafa gert barninu mein og í lok rannsóknar hafi hann ýjað að því að móðir barnsins gæti hafa gert þetta. Þá hafi komið fram hjá ákærða að móðir barnsins hafi verið driffjöðrin í sambúðinni og hugsað mest um barnið. Ákærði hafi nánast aldrei verið með barnið en hann hefði sagt að hann hefði elskað barnið og saknaði þess og eins saknaði hann móður þess.

Rannsóknarlögreglumaður, sem vann frumskýrslu málsins, staðfesti hana. Einnig skýrði lögreglumaðurinn upphaf rannsóknarinnar og fyrstu aðgerðir ásamt því hvernig ákærvaldinu hafi verið gerð grein fyrir framgangi rannsóknarinnar.

IV

Í II. kafla var rakið vottorð heila- og taugaskurðlæknis, sem gerði aðgerð á barninu, og skýrsla réttarmeinafræðings, er krufði lík barnsins. Þá var og rakinn framburður þeirra fyrir dómi. Hjá þessum sérfræðingum báðum kemur fram, eins og rakið var, að barnið hafi orðið fyrir miklum áverka sem hafi verið orsök þess að það lést. Heila- og taugaskurðlæknirinn bar að mikinn utanaðkomandi áverka hafi þurft til að valda þeim meiðslum er á barninu voru, mikið högg eða að það hafi verið hrist eins og rakið var. Hann bar að hann hefði enga aðra orsök fundið fyrir áverkanum en að barnið hefði verið hrist og það hefði orðið illa haldið stuttum tíma eftir að það hlaut áverkann. Réttarmeinafræðingurinn bar á sama hátt og kvað alla áverka á líkinu hafa bent til þess að barnið hefði verið hrist. Hann bar að um hefði verið að ræða dæmigerð einkenni svonefnds „shaken baby syndrome“.

Hinn sérfróði meðdómsmaður er sammála framangreindu og bendir á að höfuðáverkar á líki barnsins hafi verið dæmigerðir fyrir einkenni svonefnds „shaken baby syndrome“. Þar sé um eftirtalin atriði að ræða: Augnbotnablæðingar, innanbastsblæðingar og taugasímaáverka, sem komu í ljós við taugameinafræðilega skoðun á heila barnsins. Síðastnefndu áverkarnir fundust á dæmigerðum stöðum, það er á mótum miðheila og brúar. Aðrir áverkar á líkinu styðja þessa ályktun, svo sem dreifing marbletta og blæðing við hjartaodd. Marblettir á upphandleggjum benda til þess að þar hafi verið tekið um barnið og það hrist. Engin merki voru um blæðingasjúkdóma eða aðra sjúkdóma er gætu hafa valdið þessum einkennum eða átt þátt í dauða barnsins.

Á þeim tíma, sem um ræðir, bjuggu ekki aðrir á heimilinu en ákærði, barnið og móðir þess. Hér að framan var það rakið að móðir ákærða, sem búsett er erlendis, hafi verið í tölvusamskiptum við ákærða og móður barnsins þennan dag. Hún bar að hafa séð til barnsins í tölvunni og hefði það verið eðlilegt í alla staði. Samskiptunum hefði lokið laust fyrir klukkan þrjú. Móðuramma barnsins kom í heimsókn um klukkan fjögur þennan sama dag og hefði þá einnig allt verið eðlilegt eins og rakið var. Þá eru meðal gagna málsins myndir er teknar voru af barninu þennan dag. Á þessum myndum sést barnið, ýmis eitt, með móður sinni og einnig með ákærða. Barnið er í alla staði eðlilegt á myndunum, þær sýna glaðlegt barn sem greinilega líður vel. Eftir að móðuramma fór eru ákærði og móðirin ein með

barnið þar til móðirin heldur til vinnu. Þeim ber saman um að það hafi verið klukkan um 17.45. Áður en hún fór hafði hún svæft barnið, en ákærði ber að það hafi vaknað um fimm til tíu mínútum eftir að móðirin fór. Samkvæmt símagögnum hringdi móðirin heim klukkan 18:03 og heyrði barnið gráta sárum kröftugum gráti. Hún bauðst til að koma heim, en úr varð að ákærði fór með barnið í gönguferð. Hann bar að það hafi verið grátandi allan tímann frá því að það vaknaði, grátið meðan á gönguferðinni stóð og eins eftir að heim var komið. Nágranni ákærða, er mætti honum, bar að vísu að hann hefði ekki heyrt barnsgrát úr barnavagninum. Á það er hins vegar að líta að barnið var í vagni og nágranninn taldi sig hafa verið með húfu á höfðinu. Þá bar hann að átta til tíu metrar hafi verið milli sín og ákærða þegar þeir mættust, en þeir ræddust ekki við. Að þessu athuguðu þarf nágranninn ekki að hafa heyrt grát barnsins og telur því dómurinn rétt að leggja frásögn ákærða til grundvallar því að barnið hafi grátið meðan á gönguferðinni stóð. Hér að framan var rakinn framburður ákærða um að eftir gönguferðina, og þegar inn var komið, hafi grátur barnsins ekki verið eins hávær og áður og það hafi orðið hreyfingarlítið. Hann fór þá með barnið til nágranna sinna og hefur gert það í miklum flýti því að hann var berfættur eins og nágrannakona hans bar. Áður hafði hann fært barnið úr útifötum. Skömmu eftir að hann kemur með barnið til nágrannanna hafði hann hringt í móðurina og var klukkan þá 18:53. Klukkan 18:57 er svo hringt í Neyðarlínuna 112. Ákærði neitaði að hafa hrist barnið og gat ekki sagt til um af hverju áverkarnir á því stöfuðu.

Eins og nú hefur verið rakið er það samdóma álit heila- og taugaskurðlæknisins og réttarmeinafræðingsins að barnið hafi látist af völdum áverka eins og rakið var. Þennan áverka hafi barnið ekki getað fengið nema það hafi verið hrist harkalega eða það fallið eða orðið fyrir öðru alvarlegu slysi, eins og umferðarslysi eða því um líku. Frumurannsókn bendir þess til að áverkanum hafi verið valdið innan 24 tíma fyrir andlátið og líklega innan tólf tíma. Hinn sérfróði meðdómsmaður er sammála þessu áliti sérfræðinganna. Ákærði og móðir barnsins kannast ekki við að það hafi fallið eða orðið fyrir öðru slysi síðustu klukkustundirnar sem það lifði. Ömmur barnsins bera að það hafi verið eðlilegt í alla staði klukkan þrjú og fjögur þennan dag. Eftir það eru ákærði og móðir barnsins ein til frásagnar. Þau bera bæði að barnið hafi verið eðlilegt í alla staði á þessum tíma. Eftir að móðirin fór til vinnu er ákærði einn með barnið í um það bil eina klukkustund áður en hann kemur til nágranna sinna. Hvorki ákærði né móðirin bera um óeðlilega hegðun barnsins á þeim tíma sem líður frá því móðuramman fer og þar til það vaknar og fer að gráta eftir að móðirin er farin til vinnu. Þess ber að geta að myndirnar eru teknar á þessu tímabili.

Þegar allt framanritað er virt er það niðurstaða dómsins að ákærði hafi, eftir að hann kom úr gönguferðinni með barnið, hrist það svo harkalega að það hlaut þá áverka, sem í ákæru greinir, og leiddu það til dauða eins og rakið var. Engum öðrum en honum er til að dreifa, enda útilokað að móðirin hafi hrist barnið áður en hún fór til vinnu og það síðan sofnað. Áverkarnir eru það miklir að barnið missir meðvitund mjög skömmu eftir að það hlýtur þá. Útilokað er að það hafi vaknað eftir að hafa orðið fyrir áverka og grátið í nærfellt eina klukkustund og svo misst meðvitund.

Þegar litið er til þess hversu mikla áverka barnið bar er útilokað annað en að ákærði hafi hrist það allharkalega. Honum átti ekki að geta dulist að með því gat hann valdið barninu verulegum áverkum. Samkvæmt þessu verður ákærði

sakfelldur fyrir það sem honum er gefið að sök í ákærinni og er brot hans þar rétt fært til refsíákvæðis. Ákærða hefur ekki áður verið refsað. Með hliðsjón af atvikum öllum er refsing hans hæfilega ákveðin 5 ára fangelsi. Til frádráttar refsingunni skal koma gæsluvarðhaldsvist ákærða eins og í dómsorði greinir.

Ákærði byggir kröfu sína um frávísun bótakröfu móðurinnar meðal annars á því að kröfunni hafi ekki verið komið á framfæri við lögreglu. Greinargerð með kröfunni hafi ekki verið látin fylgja með fyrirkalli þegar ákæran var birt og hún hafi ekki verið lögð fram við þingfestingu. Bótakrafa móðurinnar var móttokin af ríkissaksóknara 2. desember 2013 og ákæra var gefin út 3. desember. Greinargerð með kröfunni fylgdi gögnum málsins til dómings og var hún lögð fram við þingfestingu, 16. desember, sem hluti af dómskjali nr. 4. Fyrirkall í málinu var birt lögmanni ákærða, sbr. 1. mgr. 156. gr. laga nr. 88/2008, og honum afhent afrit af ákærinni þar sem bótakrafan er gerð. Fyrir mistök dómings fylgdi ekki eintak af greinargerðinni með fyrirkallinu og merkti því lögmaðurinn ekki í þar til gerðan reit á fyrirkallinu eins og gert er þegar tekið er við greinargerð. Verður ekki betur séð en lögmaðurinn hafi samþykkt að veita ákærinni viðtöku án þess að greinargerðin hafi fylgt með. Samkvæmt þessu var bótakrafan réttilega send ríkissaksóknara, sbr. 1. mgr. 173. gr. nefndra laga, og hún send dómnum ásamt öðrum gögnum málsins. Engin efni eru því til að vísa bótakröfunni frá vegna þess að hún hafi ekki verið réttilega lögð fyrir dóminn.

Með vísun til þess að ákærði hefur verið fundinn sekur um að vera valdur að dauða barnsins þykir móðirin eiga rétt á miskabótum samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og eru þær hæfilega ákveðnar 3.000.000 krónur með vöxtum eins og í dómsorði greinir. Það athugast að ákærða var birt bótakrafan við þingfestingu og miðast upphaf dráttarvaxta við þann dag er liðnir voru 30 dagar frá þingfestingu.

Loks verður ákærði dæmdur til að greiða sakarkostnað, málsvarnarlaun verjanda síns og þóknun réttargæslumanns móðurinnar eins og í dómsorði greinir. Launin og þóknunin eru ákveðin með virðisaukaskatti.

Dóminn kváðu upp héraðsdómarmennirnir Arngrímur Ísberg, dómsformaður, og Barbara Björnsdóttir og Pétur Lúðvígsson barnalæknir.

Dómsorð:

Ákærði, Scott James Carcary, sæti fangelsi í 5 ár, en til frádráttar skal koma gæsluvarðhaldsvist hans frá 18. til 26. mars 2013.

Ákærði greiði B 3.000.000 króna með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 18. mars 2013 til 16. janúar 2014 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði 607.394 krónur í sakarkostnað, málsvarnarþóknun skipaðs verjanda síns, Víðis Smára Petersen hdl., 2.510.000 krónur og þóknun

réttargæslumanns B, Guðrúnar Sesselju Arnardóttur hrl., 456.425 krónur.

Arngrímur Ísberg

Barbara Björnsdóttir

Pétur Lúðvígsson